



ÍSAFJARÐARBÆR: Eyrin á Ísafirði - Deiliskipulag. Sundstræti 45



Gildandi skipulag. Mkv. 1/1000 (A3). Samþykkt 18.febrúar 1999



Tillaga að breytingu. Mkv. 1/1000 (A3)

EYRIN Á ÍSAFIRÐI - DEILISKIPULAG 1997

Þar sem ekki er annað tekið fram gilda eftirfarandi atriði um allar byggingar á eldri byggðasvæðum:

Þakgerð:

Huga skal að fjölbreytileika í þaklínnum viðkomandi svæðis og ásýnd byggðarinnar úr fjarlægð. Varlega skal farið í að hækka þök eða breyta kvistum. Kvistir mega þó aldrei ná yfir meira en 1/3 af langhlið húsa. Mikilvægt er að þakefni og frágangur þakkanta sé í samræmi við upphaflega gerð húsa.

Gluggar og hurðir:

Huga þarf að upprunalegri fyrirmynd við endurnýjun glugga og hurða (sjá eldri teikningar og myndir).

Girðingar:

Mikilvægt er að steypar girðingar, timburhlið og timburgirðingar séu í samræmi við hlutföll og byggingartímabil húsanna (sjá eldri teikningar og myndir). Einnig er mikilvægt að háar skjólgirðingar, sem oft eru sambyggðar húsum, séu vel hannaðar með tilliti til vikomandi húss og næsta nágrennis.

Viðbyggingar

Yfirleitt eru engar viðbyggingar leyfðar við götuhliðar húsa. Litlar útbyggingar eru leyfðar við bakhliðar. Þar sem því verður við komið má byggja geymsluhús aftast á lóðum.

Efnisnotkun:

Á eldri svæðum er gert ráð fyrir að hús séu klædd utan með timbri, bárujárn eða múrklæðningu.

Bilastæði/Lóðir:

Þar sem bilastæði eru af mjög skornum skammti í grónum hverfum á þessu svæði verður að taka tillit til þess við allar breytingar/nýbyggingar að bilastæðum fækki ekki á lóðum. Ekki er forsvaranlegt að auka byggingarmagn á lóðum, án þess að séð verði fyrir hæfilegum fjölda bilastæða.

Lýsing á breytingu:

Atvinnuhúsnæði breytist í íbúðar- og þjónustuhúsnæði. Á breytingartillögu eru sýnd 16 bilastæði sem tilheyra húseigninni Sundstræti 45. Gert er ráð fyrir að húsið verði 4 hæðir (Mænishæð verði allt að 15 m).


Notkun hússins að Sundstræti 45 breytist. Í húsinu var fiskvinnsla en verður nú nýtt fyrir allt að 13 íbúðir og þjónustu. Á jarðhæð verða bílgeymslur og þjónusta auk íbúða, en á efri hæðum verða íbúðir.

Sérskilmálar:

Leyfilegt er að svalir nái 1.6 m út fyrir byggingarreit við NV-og NA hliðar hússins.

Nýtingarhlutfall hámark:	3,13
Stærð lóðar:	793,0 fm
Núverandi stærð húss:	1.744,9 fm
Væntanleg stærð húss:	2.482,3 fm

	Lóðarmörk
	Bindandi byggingarlína
	Byggingareitir



Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í sveitarstjórn þann _____ 2006

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.
Aðalstræti 26, 400 Ísafirði.

Gísli Gunnlaugsson tæknifræðingur